

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 3. júní 2010
Tilvísun: 2008030130

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum, nr. 557

Samkvæmt tölvupósti frá nefndasviði Alþingis þann 14. maí sl. gefst barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar tækifæri á að veita umsögn á frumvarpi til barnaverndarlaga, 557. mál.

Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar fagnar ofangreindu frumvarpi þar sem lagðar eru til ýmsar jákvæðar breytingar er varðar vinnslu barnaverndarmála, jafnari tækifæri barnaverndarnefnda á stuðningsúrræðum er varðar vistun utan heimilis, réttindi barna og foreldra þeirra.

Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

- Í 39. og 48. gr. er lagt til að ráðuneytið setji reglugerð er varðar greiðslur til fósturforeldra að fengnum tillögum Barnaverndarstofu og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Nefndin telur mikilvægt að greinamunur sé gerður á fósturlaunum vegna ungra barna annars vegar sem eru alla jafnan að fara í varanlegt fóstur og unglinga hins vegar sem oftast en ekki eru fósturð/vistuð tímabundið.
- Nefndin telur mikilvægt að hugtakið fóstur sé skilgreint nánar. Að mati nefndarinnar á hugtakið fóstur frekar við þegar verið er að fóstura ung börn í varanlegu fósturi en þegar verið er að fóstura ungmenni en þá mætti frekar nota hugtakið vistun eða meðferð. Í dag er það þannig að þeir fósturforeldrar sem taka að sér ungmenni, líta á það sem atvinnu að vinna með barninu, fremur en að um foreldrahlutverk sé að ræða. Þegar ung börn eru fósturð er við val á fósturforeldrum, áhersla lögð á fólk sem vill ganga barninu í foreldrastað. Í þessu samhengi er einnig eðlilegt að skoða hvert er hlutverk fósturforeldra og hvenær er eðlilegt að fósturforeldrar fái forsjóna yfir börnunum og hvenær barnaverndarnefnd eigi að hafa forsjóna.
- Skv. 10. gr. f. lið kemur fram að barnaverndarnefndir beri að staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist, skiptir þar ekki máli hvort tilkynnandi er lögregla, skóli/leikskóli, nágrenni og ættingi. Það er mat nefndarinnar að ekki sé hér um það mikilvægt atriði að ræða að það réttæti það aukna álag sem það skapar á barnaverndarstarf í landinu. Alla vega telur nefndin mikilvægt að ef þetta ákvæði

verður inni, verði það skilgreint betur.

- Í 10. gr. 4. mgr. er talað um foreldra ekki forsjáraðila. Sem gerir það að verkum að það er óljóst hvort tilkynna eigi bæði foreldrum með forsjá og án forsjár, að tilkynning hafi borist eða hvort nóg sé að tilkynna forsjárforeldrum.
- Í 26. gr. þarf að skýra nánar heimild barns til að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu. Getur 15 ára gamalt barn t.a.m. gengið inn í mál hjá dómsstólum þegar meðferð málsins hófst áður en barnið náði 15 ára aldri?
- Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu á 1. mgr. 90. gr. í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Almennt vita foreldrar ekki af tilkynningarskyldunni þegar um er að ræða vistun samkv. þessari grein. Nefndin telur að ef þessi grein á að hafa tilgang þurfi að kveða á með skýrum hætti um hvernig foreldrum sé gerð ljós þessi skylda.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar



REYKJANESBÆR
Forskylda- og
forstöðumanna
María Gunnarsdóttir
Forstöðumaður barnaverndar FFR